

Efnistaka, veglagning og brú yfir Morsá

Ákvörðun um matsskyldu

Inngangur

Þann 10. ágúst 2016 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Vegagerðinni um fyrirhugaða efnistöku, veglagningu og brú yfir Morsá í Sveitarfélaginu Hornafirði samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000, sbr. lið 2.03 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Sveitarfélagsins Hornafjarðar, Heilbrigðiseftirlits Austurlands, Minjastofnunar Íslands og Umhverfisstofnunar.

Gögn lögð fram

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Hringvegur (1) um Morsá Hornafirði. Kynningarskýrsla. Vegagerðin, ágúst 2016.

Umsagnir bárust frá:

- Sveitarfélaginu Hornafirði með tölvubréfi dags. 20. september 2016
- Heilbrigðiseftirliti Austurlands með bréfi dags. 5. september 2016
- Minjastofnun Íslands með bréfi dags. 31. ágúst 2016
- Umhverfisstofnun með bréfi dags. 25. ágúst 2016

Fyrirhuguð framkvæmd

Fram kemur að fyrirhuguð sé bygging vegar um fyrrum farveg Skeiðarár, skammt norðan núverandi Skeiðarárbrúar. Vegurinn muni verða hluti Hringvegar 1 og liggja samsíða núverandi Skeiðarárbrú, en um 100 m ofar í farveginum. Nýr vegur muni tengja nýja brú yfir Morsá sem nú þegar er í byggingu við hringveginn. Fram kemur að brúin verði tengd Hringvegi 1 með 1,8 km löngum vegi að vestanverðu og 1,2 km löngum vegi að austanverðu. Vegtengingar í heild séu því um 3 km langar og fyrirhuguð framkvæmd alls um 3,1 km löng.

Fram kemur að fyrirhugaður vegur verði 8,0 m breiður með 7,0 m breiðri akbraut og 0,5 m breiðum öxlum. Bundið slitlag verður 7,8 m breitt.

Fram kemur að vatni Morsár sé þegar veitt vestur fyrir nýtt brúarstæði á meðan bygging nýrrar brúar fari fram.

Fram kemur að fyrirhuguð sé efnistaka úr skeringum og meðfram nýjum vegi úr núverandi leiðigarði vestan og ofan við Skeiðarárbrú (svæði A) og úr fyrrum farvegi Skeiðarár á svæði skammt ofan við væntanlega brú yfir Morsá (svæði B). Áætluð efnisþörf framkvæmdarinnar er um 106.000 m³. Á svæði A er áætlað að taka um 30.000 m³ á um 23.000 m² stóru svæði en á svæði B er áætlað að taka um 30.000 m³ á um 24.000 m² svæði. Fyrirhugað er síðan að taka um 43.000 m³ úr skeringum með vegi og í núverandi leiðigarði vestan og ofan við Skeiðarárbrú. Efni í grjótvörn, þ.e. um 3.000 m³ er síðan fyrirhugað að taka af núverandi varnargörðum vestan Skeiðarárfarvegar, ofan vegar. Að efnistöku lokinni verði gengið frá efnistökusvæðinu þannig að það falli að nánasta umhverfi. Reynt verði að raska jarðvegi sem minnst of skeringar og námur verða ekki hafðar opnar lengur en nauðsyn krefur. Frágangi á námum og vegskeringum verður hagað þannig að ekki myndist vindálag á lausan jarðveg. Röskuð svæði verða mótuð í samræmi við landslag og halla umhverfis. Brúnir efnistökusvæða og skeringa verða aðlagðar að landinu í kring. Við frágang verður þess gætt að ekki myndist vatnsuppistöður í skeringum og námum. Ef lífrænn jarðvegur finnst í yfirborði náma



og skeringa verður honum ýtt til hliðar áður en efnistaka hefst og hann geymdur til síðari nota. Í lok framkvæmda verður mannvirkið aðlagð landinu meðfram því og lífrænum jarðvegi jafnað yfir ef hann er til staðar. Allur frágangur verður í samráði við eftirlitsmann Vegagerðarinnar, landeigendur og fulltrúa Umhverfisstofnunar.

Fram kemur að fyrirhugað sé að reisa vinnubúðir á gömlu námusvæði ofan vegar við eystri enda framkvæmdasvæðisins.

Umhverfisáhrif

Landslag. Fram kemur að landslaginu á mögulegu framkvæmdasvæði, þ.e. flóðsléttu Vatnajökuls, milli Skeiðarárjökuls í vestri og Örfæfajökuls í austri hafi þegar verið raskað með núverandi vegi, brú og efnistöku. Framkvæmdin muni því ekki hafa veruleg áhrif á landslagið, hvorki á námusvæðum né þar sem vegurinn liggur. Ákveðið var að velja nýjum vegi um Morsá stað ofan núverandi brúar þannig að sjónræn áhrif framkvæmdarinnar yrðu sem minnst og hann falli sem best að landslagi.

Vatnafar. Fram kemur að vatnasvið Morsár sé um 110 km² og að veita þurfi tímabundið vatni árinna vestur fyrir brúarsvæðið á meðan verið sé að byggja brúna. Það hafi ekki meiri breytingar í för með sér en venjuleg náttúruleg færsla farvega í jökulám. Fram kemur að rennsli um Skeiðará verði stýrt yfir að brúnni yfir Morsá, en vegna þeirra breytinga sem orðið hafa á rennsli Skeiðarár og færslu vatnsrennslis yfir í Gígjukvísl þá verði vatnsmagnið ekki mikið og sameiginlegt vatn Morsár og Skeiðarár muni áfram renna um áreyrar neðan brúar. Framkvæmdin muni því hafa óveruleg áhrif á vatn Morsár.

Gróðurfar og fuglar. Fram kemur að gróður á Skeiðarársandi sé víðast hvar rýr og vaxtarskilyrði erfið. Fyrirhugað framkvæmdasvæði sé lítt gróið og framkvæmdin muni því hafa óveruleg áhrif á gróður á svæðinu. Fram kemur að ekki hafi verið kannað hvort sérstæða fugla sé að finna í nágrenni framkvæmdasvæðisins. Í skýrslu Náttúrufræðistofnunar Íslands; Yfirlit um náttúrufer og náttúruminjar sunnan Vatnajökuls, kemur fram að fuglalíf á svæðinu sunnan Vatnajökuls sé mjög auðugt og meðal annars verpi þar um 36% af öllum skúmum landsins. Stórir hlutar Skeiðarársands séu ókannaðir en þar sem nýtt vegstæði muni liggja um fyrrum jökulárfarveg og mjög nærri og samsíða núverandi Skeiðarárbrú geri Vegagerðin ráð fyrir að áhrif framkvæmdarinnar á fugla verði óveruleg.

Meningarminjar. Fram kemur að fyrirhugað framkvæmdasvæði hafi frá fornu fari verið þekkt fyrir jökulhlaup og sandfok. Fyrirhugað vegsvæði muni liggja um fyrrum virkan farveg Skeiðarár og innan varnargarða þá sem reistir voru til að koma í veg fyrir flóð á svæðinu. Hafi mannvirki verið reist í farvegi Skeiðarár fyrr á öldum megi gera ráð fyrir að þau hafi skolast í átt til hafs, líkt og önnur nýlegri mannvirki hafa gert. Framkvæmdin muni því hafa hverfandi áhrif á fornleifar á svæðinu. Fram kemur að haft verði samráð við Minjavörð Austurlands um mögulegar fornleifar á svæðinu áður en framkvæmdir hefjast og að sérstök áhersla verði lögð á að raska ekki landi utan framkvæmdasvæðis.

Í umsögnum Sveitarfélagsins Hornafjarðar, Heilbrigðiseftirlits Austurlands og Minjastofnunar Íslands kemur fram það álit að fyrirhuguð framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að stofnunin telji framkvæmdina ekki hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif. Helstu áhrifin gætu þó orðið sjónræn áhrif vegna nálægðar við núverandi Skeiðarárbrú. Því væri ástæða til þess að leggja sérstaka áherslu á viðhald brúarinnar þannig að hún yrði ekki til lýta í sérstæðu umhverfi. Að mati Umhverfisstofnunar munu ummerki eftir efnistöku hverfa fljótt að því gættu að efni yrði ekki tekið of djúpt.

Í umsögn Heilbrigðiseftirlits Austurlands segir að aflögð brú sem hvorki hafi hlutverk né hljóti viðhald geti valdið hættu til lengri tíma litið og telur eftirlitið að íhuga verði að fjarlægja brúna og



vegi að henni, nema ákveðið sé að brúin í því formi sem hún sé hafi menningarlegt og sögulegt gildi og skuli standa sem slík en þarfnist brúin viðhalds.

Vegagerðin mun halda mannvirkinu við með þeim hætti að það verði ekki til lýta í umhverfinu.

Skipulag og leyfisveitingar

Fyrirhugaðar framkvæmdir eru í samræmi við gildandi Aðalskipulag Sveitarfélagsins Hornafjarðar. Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Sveitarfélagsins Hornafjarðar skv. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. reglugerð um framkvæmdaleyfi nr. 722/2012. Einnig starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Austurlands vegna efnistöku og vinnubúða skv. reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Niðurstaða Skipulagsstofnunar

Um er að ræða byggingu vegar um fyrrum farveg Skeiðarár, skammt norðan núverandi Skeiðarárbrúar og byggingu brúar yfir Morsá. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 13.02 í 1. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun telur að fyrirhuguð framkvæmd komi ekki til með að hafa í för með sér breytingar á ásjón nema að mjög takmörkuðu leyti m.a. í ljósi landslagsaðstæðna á svæðinu. Helstu neikvæðu áhrif verði vegna rasks af völdum efnistöku þar sem efnistökusvæðin eru í nágrenni við fjölfarinn þjóðveg og við mörk Vatnajökulspjóðgarðs. Fyrir liggur að þau svæði sem raskast vegna efnistökkunnar og lagningu um 3 km nýs vegar eru að mestu gróðurlausir jökuláreyrar og sandar. Skipulagsstofnun leggur áherslu á að til þess að ummerki eftir efnistöku hverfi fljótt verði gætt að því að efni verði ekki tekið of djúpt.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Vegagerðarinnar við tilkynningu og umsagnir. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð efnistaka, veglagning og brúargerð yfir Morsá sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif með tilliti til eðlis framkvæmdarinnar, staðsetningar hennar og eiginleika hugsanlegra áhrifa hennar, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Vegagerðin og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisaðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins þannig að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda verulegum og óafturkræfum áhrifum á umhverfið.

Samkvæmt 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur 24. október 2016.

Reykjavík, 20. september 2016

Jakob Gunnarsson